

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og toll-
eftirlit, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 9. janúar 1941,
nr. 1.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happ-
drættis fyrir Ísland, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds,
16. janúar 1941, nr. 2.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir rikissjóð til að taka 5 milljón króna innan-
rikislán, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 3.*

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun
o. fl., undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 26. janúar 1941,
nr. 4.*

*Bráðabirgðalög um breyting á 88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12.
febrúar 1940, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 29. janú-
ar 1941, nr. 5.*

*Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrú-
ar 1941, undirskrifað af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 3. febrúar 1941,
nr. 6.*

*Ráðuneytisbréf um setning Alþingis, undirskrifað af ráðuneyti Íslands, hand-
hafa konungsvalds, sama dag, nr. 7.*

*Lög um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna rikis-
ins og rikisstofnana, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds,
31. marz 1941, nr. 8.*

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll 1 af botnvörpurúllum (Bobbingar) úr kátsjúk (gúmmí). 13. jan.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið, að fyrst um
sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli botnvörpurúllur (Bobbingar) úr kátsjúk
(gúmmí) tollaðir með tveggja ára vörumagnstolli kg og með 2% verðtolti.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borg- 2 arfjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Borgarnesi. 24. jan.

Með bréfi, dags. 22. október f. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu
sýslunefndar Mýrasýslu um takmörk verzlunarlóðar í Borgarnesi, ásamt uppdrætti
að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, svæði það,
sem reisa má á verzlunarhús í Borgarnesi í Mýrasýslu ákveðið eftir framangreindum
lögum og meðfylgjandi uppdrætti, svo sem hér segir:

Allt nesið, þar með talin Stóra-Brákarey, neðan við línu, sem dregin er þvert yfir
nesið neðan við svokallaðan íþróttavöll í Neðri-Sandvík.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að
sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlut-